hreinsa ofna sína, og nú bætti sá litli vesalingur við, hrukk-
-ku nú þegar mikil tár í vendilíki, af þakklæti og söknuði
augunum hans; nú er einn dagur síðan Laurent hefur hagst
nokkuð að borða, er það? spurði Fleurie, sem hætti nú að hlæja.
Ó, jeg —, það eru tveir dagar síðan, hjálpi mjer! í fyrra dag
var einungis brauð handa einum, og þjer gjetið nærri að
það var handa honum veslings Laurent litla, og hann
vildi ennþá neyta þess, en jeg þáði það ekki. jeg varð að ga-
-nga til dálítillar skveitni áðan, þegar jeg sagði að jeg væ-
-ri ekki svángur; og hefurðu ekki borðað síðan í fyrra
dag? spurði Fleurie, eins og hún hefði ekki skilið hann
rjett. Sá litli Savoyard hneigði höfuðið, og nokkur tár
í vendilíki hrundu af hans fögru augunum á jörðina.
Hana nú! jeg hef nú borðað þau öllsömul, sagði Julien, um
leið og hann stóð upp og sýndi systur sinni tóma vand-
laupinn. það er þinn eiginn skaði, þú áttir að koma þeg-
-ar jeg kallaði á þig. Hugleiddu nú layseins, Julien! þessi
litli Savoyard hefur ekkert borðað síðan í fyrradag,
sjáðu hjerna hefur þú brauðið mitt. borðaðu það, sagði
Fleurie, og rjetti hinum litla ólánsama brauðið sitt. En
áður en hann hafði tíma til að taka það, var Julien
þegar búinn að hrifsa það. Ertu [illegible] að gefa
þessum litla betlaranum brauðið þitt, ef þú vilt
það ekki, þá skal jeg borða það líka, því jeg er einnig
svángur. — Jeg bið þig þess Julien, láttu hann hafa þetta
brauð, hann segist ekki hafa borðað síðan í fyrradag,
en bróðir hans ekki síðan í gjær, ekki borðað — jeg
hef misst mataarlystina af að heira það: Hvað kjemur
það mjer við, þó hann hafi ekki borðað, sagði Julien.
Hjerna er veitingahús nærri, hann gjetur farið þangað
og borðað. Þú hirðir hvað Rósa sagði þjer í skömmu,
sagði Fleurie. þegar maður á að kaupa nokkuð að borða
þarf maður að eiga peninga, en þessi litli maður á enga;
þú átt enn þá markið sem hún móðir þín gaf þjer í gjær
þú gjetur gefið þessum aumu fátæka það. Jú! sjálfsa-
-agt, sagði Julien; jeg geymi mjer það, til að kaupa með
því eplakökur hjá konunni sem er hjerna frammi hjá, og
um leið tekur hann upp markið úr vasa sínum, og
lítur á það, og stakk því aftur í vasann. Þú ert þakklát-